

Umsögn um 22. mál á 154. löggjafarþingi, um mannanöfn.

Sendandi: Svavar Kjarrval

Dagsetning: 12. febrúar 2024

Í tillögðum lagatexta er einvörðungu minnst einu sinni á ættarnöfn en það er í 4. mgr. 1. gr. um heimild til að nota ættarnafn sem kenninafn. Það telst bót að ætlunin skv. greinargerð er ekki að viðhalda hinum ströngum reglum um notkun ættarnafna sem kveðið er á um í nágildandi lögum.

Þótt fagna megi yfirlýsingum greinargerðar vakna samt spurningar um hvort lagatextinn bjóði upp á viðeigandi stuðning. Eins og frumvarpið stendur nú er að einhverju leyti óljóst hvort ætlunin sé að heimila nafnberanum sjálfum að búa til ættarnafn eða hvort hann sé bundinn við ættarnöfn sem eru þegar til hérlendis og/eða erlendis. Ýmsir dómur Hæstaréttar benda til þess að yfirlýsingar í greinargerð hafa ekki þýðingu við túlkun lagatextans nema með (nægri) stoð í lagatextanum sjálfum (sjá aðallega hrd. 1989:329 [dráttarvél] og hrd. 1954:439 [skipan ákærvalds á varnarsvæðinu]). Að þessu sögðu teldi ég það til bóta ef texti 4. mgr. 1. gr. yrði skýrður betur á þá vegu að nafnberinn geti skapað/myndað nýtt ættarnafn (með áréttingu um engan einkarétt).

Í ljósi þess að nágildandi lög kveða á um einkarétt til ættarnafna tel ég að þörf sé á lagaákvæði sem nefnir örlög þess einkaréttar, hvort hann sé afnuminn, hann sé settur á sólarlag eða haldist óbreyttur. Í II. kafla almennra athugasemda greinargerðarinnar eru yfirlýsingar sem kveða á um ósanngirni í ójafnræðinu, sem ég get tekið undir, en textinn er nokkuð óljós hvað varðar téð örlög. Á grundvelli óskýrleikans tel ég nokkuð líklegt að dómstólar myndu, ef á myndi reyna, fallast á að einkarétturinn myndi haldast óbreyttur gagnvart þeim sem þegar hafa öðlast hann, enda ekki hægt að ráða afstöðu Alþingis til þessa með afnámi lagaákvæðisins.

Nú hef ég ekki rannsakað hvort einkarétturinn til ættarnafns sé fjárhagslegur með þeim hætti að einhver gæti með réttu krafist fjárbóta vegna afnáms hans. Ef áhættan er þess virði, eða ekki séð að slík áhætta sé til staðar, tel ég rétt að kveða á um afnám hans sérstaklega og fylgi gildistöku laganna.

Sé ríkið ekki til í að taka áhættu með slíkt væri hægt að íhuga að setja ákvæði líkt og gert var í tilviki ættaróðala, sem í þessu tilviki myndi útfærast með þeim hætti að einkarétturinn haldist hjá þeim sem hafa hann nú þegar, en myndi ekki erfast. Þá gæti verið tekið fram að ef nafnberinn fjarlægir ættarnafnið úr nafni sínu í þjóðskrá eða ber það ekki við gildistöku laganna, þá falli niður persónuleg hlutdeild nafnberans í einkaréttinum. Með þessu myndi einkarétturinn falla niður og ættarnafnið í kjölfarið vera laust til skráningar fyrir hvern sem er, þegar seinasti handhafi einkaréttarins lætur lífið eða missir hann með öðrum hætti.

Svavar Kjarrval